

Þingmenn Norðausturkjördæmi

Fjallabyggð, 29. september 2019
Nr. erindis 1909065

1. Jarðgöng

Múlagöng:

Eins og þekkt er, eru Múlagöng einbreið og afkasta ekki vel mikilli umferð. Þegar mikið umferðaralag er, sérstaklega að sumarlagi myndast miklar umferðarteppur og bið við göngin beggja vegna. Þetta hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu ár með aukinni umferð.

Bráðnauðsynlegt er að gerð verði brunaúttekt á Múlagöngum eftir að í ljós kom sl. vetur, eftir brunaæfingu hjá Slökkviliðum Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar að ekkert verður hægt að gera ef eldur kemur upp í göngunum með þeim búnaði sem til er. Gera þarf áhættumat á Múlagöngum.

Strákagöng:

Ástand Strákaganga er vægast sagt afar bágborið. Til að tryggja öryggi og umferðarflæði í göngunum, þarf að breikka göngin og laga þarf blindbeygju í göngunum. Tryggja þarf fjármuni til þessa verkefnis. Gera þarf áhættumat á Strákagöngum.

2. Færsla á lyftu í Skarðsdal


Eins og sagði í minnispunktum frá Fjallabyggð til þingmanna kjördæmisins 2017 var hluti skíðasvæðisins á Siglufirði skilgreindur sem snjóflóðahættusvæði árið 2014. Þetta var gert án samráðs við heimamenn og því hrein stjórnvaldsaðgerð og algjörlega á ábyrgð ríkisvaldsins.

Byrjað er á endurbyggingu Skarðsvegar en fjármuni vantar enn í færslu á neðstu skíðalyftunni. Þegar endurbyggingu vegarins verður lokið, sem stefnt er að verði á næsta ári, er lyftan fyrir og því mikið hagsmunamál að búið verði að tryggja fjármuni til færslu lyftunnar.

Stofnanir ríkisins vísa hver á aðra í þessu sambandi. Kostnaður við færsluna getur numið allt að 80 m.kr.

3. Störf án staðsetningar

Bæjarráð sendi bréf á oddvita ríkisstjórnarflokkana í nóvember 2018 þar sem óskað var eftir því að kannaður yrði möguleiki á því að flytja ríkisstofnanir til Fjallabyggðar. Það er mjög nauðsynlegt að fjölga störfum í byggðarlaginu og hefur þessi leið gefið góða raun t.d. bæði á Sauðárkróki og Akureyri.



4. Sjókvíeldi í Eyjafirði

Í júlí 2017 var skrifað undir viljayfirlýsingu en ekkert hefur gerst í málinu síðan, burðarþol og áhættumat fyrir Eyjarfjörð er ekki klárt og Hafrannsóknastofnun ætlaði fyrst að hafa þetta klárt um miðjan september en nú vísar stofnunin í ný lög sem sett hafa verið og talar um að ferlið lengist töluvert og að enn sé verið að samlesa gömlu og nýju lögin og því ekki víst hve langan tíma þetta getur tekið.

5. Viðhald á þjóðvegum í þéttbýli í Ólafsfirði og Siglufirði

Ljúka þarf við að leggja malbik yfir síðasta kaflann á Aðalgötu í Ólafsfirði ca 250 m. Þá þarf að huga að lagfæringum á Hvanneyrarbraut á Siglufirði, en ástand vegarins er orðið afar bágborið.

f.h. bæjarstjórnar Fjallabyggðar

Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir
Forseti bæjarstjórnar